

Ræða formanns Nýherja á aðalfundi 25.1.2008

Ágætu hluthafar!

Árið 2007 var besta ár til þessa í rekstri Nýherja. Það er ánægjulegt við afkomuna að hún byggir á góðri afkomu rekstrareininga en ekki söluhagnaði eða óreglulegum tekjum. Alla fjórðunga ársins var hagnaður fyrir afskriftir, EBIDTA, á bilinu 140 til 220 milljónir króna.

Á árinu keypti Nýherji nokkur fyrirtæki. Snemma árs var fyrirtækið Linkur í Kópavogi keypt. Linkur ehf var stofnaður árið 2000 af nokkrum mönnum með áralanga reynslu í sölu og dreifingu á raftækjum. Fyrirtækið er öflugt heildsölu- og dreifingarfyrirtæki með heildsöludreifingu til allra helstu seljenda heimilistækja um land allt. Markmið fyrirtækisins hefur ávallt verið að bjóða hágæða vöru og

góða þjónustu. Meðal merkja sem Linkur hefur selt er Sony og Panasonic. Síðar á árinu keypti Linkur Sony setrið í Kringlunni.

Hljóð- og myndlausnir fluttust úr húsinu við Borgartún í Kópavog. Þar var opnuð verslun fyrir hágæðavörur, sjónvörp, hljómtæki og skjái undir nafninu Sense. Þeir hluthafar sem ekki hafa farið í búðina ættu að fara þangað sem bráðast.

Í júní keypti Nýherji danska fyrirtækið Dansupport sem er með höfuðstöðvar í Óðinsvéum. Fyrirtækið hefur boðið upp á alhliða síma- og tölvuþjónustu líkt Nýherja. Það hefur nú einnig skrifstofur í Kaupmannahöfn og Kolding á Jótlandi. Starfsmenn eru nú um 40 og hefur fjölgað um 10 frá því að fyrirtækið var keypt.

Í október gerði Nýherji tilboð í öll hlutabréf Straums, FL

Group og Tryggingamiðstöðvarinnar í

hugbúnaðarfyritækinu TM Software, um 73% hlutafjár. Í tilboðinu var gert ráð fyrir kostgæfniathugun sem lauk í desember. Formlegur kaupsamningur var undirritaður í dag. Miðað er við að verð á hlutabréfum í fyrirtækinu öllu sé 1.406 milljónir króna. Auk þess eru vaxtaberandi skuldir upp á um 800 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að kaupverðið verði greitt með hlutabréfum í Nýherja að nafnverði allt að 25 milljónir króna á genginu 22,0 og það sem uppá vantar með reiðufé. Stjórn leitar á þessum aðalfundi heimildar til þess að bjóða út þessar 25 milljónir króna auk 30 milljóna króna að nafnverði sem boðið verði núverandi hluthöfum og starfsmönnum samstæðunnar á genginu 22,0. Gangi þessi áform eftir verður eiginfjárlutfall samstæðunnar eftir kaupin á bilinu 33 til 35%.

Hjá TM Software eru nokkur dótturfélög í margvíslegri starfsemi. Aðaláhersla hefur verið lögð á hýsingu, Microsoft þjónustu, veflausnir og lausnir fyrir heilbrigðiskerfið, en margvísleg önnur þjónusta verður innan fyrirtækisins. Áætluð velta í ár er milli 2,5 og 3,0 milljarðar króna og EBDTA hagnaður um 200 milljónir króna. Við kaupin skapast margvísleg ný tækifæri fyrir Nýherja samsteypuna og næstu vikur verða nýttar til þess að fara yfir þá möguleika sem nú koma upp. Starfsmenn TM Software eru um 250 og eru þeir boðnir velkomnir í Nýherja fjölskylduna.

Ánægjulegt er að sjá að hugbúnaðarsvið fyrirtækisins sem nú er rekið undir hatti Applicon Holding ehf. gengur vel. Rekstur á danska SAP þjónustufyrirtækinu Applicon hefur gengið að vonum og samstarf með systurfyrirtækinu

Applicon ehf. hér heima hefur eflt starfsemina mjög. Nýherji hefur líka stofnað Applicon fyrirtæki í Svíþjóð og á Englandi og er tilgangurinn alls staðar sá sami, að efla hugbúnaðarþjónustu á sviði SAP bókhaldskerfa. Nú síðast í vikunni keypti Nýherji sænska ráðgjafafyrirtækið Marquardt & Partners AB. Starfsemi þess verður sameinuð Applicon í Svíþjóð og verða ráðgjafar okkar í Svíþjóð þá á fjórða tug. Tilgangurinn með kaupunum er að flýta framþróun Applicon í Svíþjóð, einkum á fjármálamarkaði. Reynslan hefur líka sýnt að góð samvinna Applicon fyrirtækjanna hefur reynst vel í ýmsum verkefnum, til dæmis við tilboðsgerð. Áætluð velta Applicon í Svíþjóð á yfirstandandi ári er um 400 milljónir íslenskra króna.

Árið 2007 var sveiflukennt í efnahagslífinu. Langt fram eftir ári var bjart yfir en á síðustu mánuðum ársins komu

blikur á loft. Þess gætti þó ekki í rekstri Nýherja. Áætlanir gera ráð fyrir því að nýbyrjað ár verði afkoma nokkru betri í rekstri en árið 2007 enda hafa umsvif aukist. Heildarvelta gæti verið um 15 milljarðar króna.

Á næstunni þarf að fara mjög vandlega yfir rekstur og skipulag Nýherja í ljósi þess hve fyrirtækið hefur breyst mikið að undanfögnu. Starfsmenn eru nú um 750 og starfsemin er í mörgum löndum.

Reynslan bendir til þess að það sé mjög gott fyrir Nýherja að vera með hliðstæða starfsemi í nokkrum löndum. Sérfræðipækkingin er meiri en áður og hægt er að kalla til liðstyrk milli landa. Nú eru Applicon fyrirtæki starfandi í fjórum löndum. Starfsemin hefur eflst í Svíþjóð með kaupunum sem vikið var að hér áðan. Áform okkar er að

víkka starfsemina einnig út í Bretlandi þegar fram líða stundir. Einnig er horft til Noregs, Finnlands og Eystrasaltslanda í framtíðinni.

Gengi krónunnar sveiflast mikið og það sýnir enn einu sinni hver erfitt það getur verið að hafa áhættu sem stjórnendur ráða lítið við. Mikil óvissa er alltaf um gengi krónunnar. Félagið reynir að tryggja sig sem best fyrir gengisáhættu en það er aldrei hægt fyllilega. Félagið fagnar því að nú er að hefjast upplýstari umræða um evruna, og kosti hennar og galla fyrir Íslendinga, en áður var. Þess má geta að starfsmönnum Nýherja héraðs býðst nú að fá 20% launa sinna greiddan í evrum.

Ég hef í fyrri ræðum mínum oft vikið að því hve mikilvægt það er að fyrirtækið hafi jafnan hagsmuni viðskiptavina í

huga. Það kann vel að vera að slök þjónusta og hroðvirknisleg vinnubrögð skapi stundarhagnað. Nýherji er hins vegar ekki fyrirtæki sem tjaldar til einnar nætur. Fyrirtækið verður að þjálfa starfsmenn þannig að þeir komi fram við viðskiptavini af kurteisi og virðingu. Allir vilja skipta við fyrirtæki sem ber hagsmuni viðskiptavina fyrir brjósti.

Nauðsynlegt er að þjónusta við almenning sé góð ef fyrirtækið ætlar sér að starfa á þeim markaði yfirhöfuð. Viðgerðarmenn og starfsmenn þjónustuvers eru andlit fyrirtækisins út á við og mjög mikilvægt að sú ásjóna sé fyrirtækinu til sóma.

Miklar breytingar hafa orðið á eignarhaldi á tölvu- og hugbúnaðarmarkaði á liðnu ári. Opin kerfi eru nú komin í eigu stofnanda síns og hafa sameinast klofningsfyrirtæki

sem stofnað var fyrirtækinu til höfuðs. Óljóst er hver stefna eigenda Teymis er, en innan þeirrar samsteypu eru mörg leiðandi fyrirtæki á tæknimarkaði. Samkeppni á fjarskiptamarkaði hefur aukist með tilkomu Nova. Það er mikilvægt að Nýherji gleymi sér ekki eitt andartak í samkeppninni því að keppinautar eru skeinuhættir.

Ég vek athygli hluthafa á afar vandaðri ársskýrslu sem liggur frammi prentuð á fundinum. Hún er nú veglegri en undanfarin ár og efnismeiri. Ég hef því varið minni hluta af minni ræðu í að rekja einstök atriði í rekstri en áður en vísa þess í stað á skýrsluna.

Hagnaður var þriðjungi meiri nýliðið ár en árið 2006 eða 420 milljónir króna. Hagnaður varð á flestum þáttum starfseminnar. Nokkurt tap var þó á nýjum fyrirtækjum eins

og Dansupport og Applicon fyrirtækjunum í Svíþjóð og Englandi. Það er eðlilegt að starfsemi skili ekki hagnaði frá fyrsta degi, sérstaklega ef stefnt er að uppbyggingu. Þess þarf að gæta vel að reksturinn snúi til betri vegar í þessum fyrirtækjum á næstu tveimur árum.

Á undanförnum árum hafa umsvif Nýherja sífellt verið að aukast og ánægjulegt að hagnaðurinn er nú líka að aukast. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir því að hagnaður árið 2008 aukist í samræmi við aukin umsvif.

Starfsemi ParX skilaði hagnaði árið 2007. Þetta er í fyrsta sinn sem félagið skilar umtalsverðum hagnaði síðan það var keypt. Innan þess starfa hæfir ráðgjafar sem njóta virðingar á sínu sviði. Mikilvægt er að styrkja þennan þátt þannig að starfsemin festi sig betur í sessi.

Nýherji hefur verið að breytast á liðnum árum. Allt bendir til þess að áframhald verði á þessari þróun og ýmis starfsemi sem nú er innan móðurfélagsins verði í framtíðinni í sérstökum félögum. Í ljósi þess hve félagið hefur stækkað tel ég ljóst að stýttist í breytingar á uppbyggingu félagsins. Þó að svo verði er mikilvægt að halda áfram því hagræði sem er af því að hafa sameiginlegan innri strúktúr. Hjá Nýherja höfum við talið að bestur árangur næðist með því að menn hefðu visst sjálfstæði en fylgdu þó sameiginlegum reglum og vinnulagi þar sem það á við. Þetta er ekki síður mikilvægt nú þegar fyrirtækið vex hratt.

Á árinu flutti Nýherji þá starfsemi sem verið hafði í Borgartúni 37 undir nafninu Klak í Háskólann í Reykjavík

sem jafnframt varð meðeigandi að Klaki. Með því móti væntir félagið þess að starfsemin nái að þróast áfram.

Nýherji leggur áherslu á skjóta, samræmda og vandaða upplýsingagjöf til fjárfesta í ársfjórðungslegum uppgjörum. Uppgjör liðins árs var þannig kynnt 18. janúar síðastliðinn, og var Nýherji þannig fyrstur félaga á hlutabréfamarkaði til þess að kynna afkomu sína. Stjórn félagsins lítur á þetta sem auglýsingu fyrir SAP kerfið, auk þess sem það eru góðir stjórnunarhættir. Eftir því sem félagið stækkar verður þetta erfiðara en þó eru hröð uppgjör auðvitað ekki síður mikilvæg í stóru fyrirtæki en smáu. Þessi stefna mun því ekki breytast.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá Nýherja og dótturfélögum var 446 árið 2007 sem er 109 fleiri en árið á undan. Í árslok voru stöðugildi 482 en voru 351 í árslok 2007. Aukning í

starfsmannafjölda frá fyrra ári er fyrst og fremst vegna fjölgunar hjá Applicon í Svíþjóð og Englandi og kaupanna á Link og Dansupport.

Hagnaður á árinu 2007 nam 420 m.kr. sem er um 37% meira en árið 2006. Velta félagsins jókst jafnframt mikið milli ára, eða um 31%, og námu 11,3 m.kr. Skýrist það m.a. af kaupunum á Dansupport í Danmörku í maí, auk þess sem árið 2007 var fyrsta heila starfsár Applicon í Bretlandi og Svíþjóð í samstæðunni. Innri vöxtur var einnig góður, eða sem nemur 22%. Kostnaður við uppbyggingu starfsemi Nýherja erlendis veldur því að EBITDA framlegð minnkar frá fyrra ári úr 7,9% í 6,2%

Þó að talsvert hafi verið keypt af fyrirtækjum að undanfögnu er engin ástæða til þess að loka dyrum á nýja

möguleika sem upp kunna að koma. Áfram verður þó fylgt sömu reglu um varfærni og fjárhagslegan stöðugleika.

Hluthöfum í Nýherja fækkaði á árinu 2007 og telur stjórn að mikilvægt sé að þeim fjölgi á ný. Stjórn telur að hlutabréf í félaginu séu góður fjárfestingakostur. Fyrir fundinum liggur tillaga um að auka hlutafé vegna kaupanna á TM Software um allt að 65 milljónir króna að nafnverði. Verði sú tillaga samþykkt mun stjórn auka hlutafé á næstunni. Hugmyndin er sú að fyrrverandi eigendur TM Software fái allt að 25 milljónir að nafnverði, en núverandi hluthafar Nýherja og starfsmenn félagsins geti keypt 30-40 milljónir alls. Miðað er við gengið 22,0 á bréfunum en miðað við það gengi er V/H-hlutfall félagsins tæplega 12. Auk þess er í gildi heimild til stjórnar að auka hlutafé um allt að 36 milljónir að nafnverði. Hugmyndin er að verja

megi þeim hlutum síðar til kaupa á öðrum félögum ef svo ber undir.

Fyrir fundinum liggur hefðbundin tillaga um heimild til stjórnar um að kaupa allt að 10% hlutafjár í félaginu. Þessi tillaga er eins og menn kannast við úr öðrum hlutafélögum.

Um afkomuna hef ég þegar fjallað. Það veldur mikilli ánægju að hagnaður er nú meiri en undanfarin ár. Eiginfjárhlutfall félagsins er rúmlega 31% sem er í lágsta kantinum en mun aukast á næstunni verði af hlutafjárukningunni.

Stjórn leggur til að greiddur verði 60% arður. Á undanförunum árum hefur það verið stefna stjórnarinnar að

arður nemi nálægt þriðjungi af hagnaði af reglulegri starfsemi og er þeirri reglu fylgt nú.

Starfsmönnum Nýherja þakka ég fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Stjórnarmönnum og forstjóra þakka ég fyrir gott samstarf. Ef vonir stjórnar ganga eftir verður nýbyrjað ár mjög gott rekstrarár hjá Nýherja. Það er ánægjulegt fyrir hluthafa og starfsmenn að starfsemin hefur gengið svo vel á liðnu ári sem raun ber vitni og ég óska öllum til hamingju með þann góða árangur sem vonandi verður hvatning til frekari dáða.